

Viðhorf og líðan starfsfólks á veitinga-, gisti- og skemmtistöðum þegar reykingabann tók gildi, 1. júní 2007

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir
Kristinn Tómasson
Ásta Snorradóttir

Inngangur

Þann 1. júní 2007 tók gildi *Reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum* nr. 326/2007 þar sem tóbaksreykingar voru bannaðar með öllu á stöðum sem almenningur hefur aðgang að svo sem á veitinga-, gisti- og skemmtistöðum. Þó má leyfa reykingar í tilteknum gistiherbergjum á hótelum og gistiheimilum og skulu slík gistiherbergi þá merkt sérstaklega. Öll önnur gistiherbergi skulu merkt þannig að skýrt sé að óheimilt sé að reykja í þeim. Þar sem reykingar eru leyfðar utanhúss skal þess gætt að tóbaksreykur berist ekki inn í húsnæði þeirrar starfsemi sem svæðið tilheyrir eða húsnæði annarra.

Í tilefni þess að bannið gekk í gildi var ákveðið að gera könnun meðal starfsmanna á veitinga-, gisti- og skemmtistöðum og spyrja um reykingavenjur á vinnustaðnum bæði hjá gestum og starfsfólki, líðan starfsfólks og viðhorf til reykingabannsins. Könnunin var gerð á vegum *Rannsóknastofu í vinnuvernd* með styrk frá *Lýðheilsustöð*.

Könnunin var gerð að norskri fyrirmynd en áður en svipað reykingabann tók gildi þar í landi var gerð könnun meðal starfsfólks með sama spurningalista og notaður var hér í íslensku þýðingu. Í Noregi var gerð sams konar könnun að nokkrum mánuðum liðnum til að athuga hverju reykingabannið hefði breytt hjá starfsmönnum á þessum stöðum.

Aðferðin í Noregi var með nokkuð öðrum hætti en ákveðið var héraendis, því að hringt var til starfsmannanna í Noregi en hér var ákveðið að senda könnunina út á netinu og biðja svarendur að svara rafrænt.

Listinn var þannig úr garði gerður að ekki var unnt að senda hann til baka nema öllum spurningum væri svarað. Þetta dró verulega úr svarhlutfalli því að samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu EcWeb, sem hannaði útsendingarkerfið, var tölvupóstur sendur út á alls 230 veitinga-, gisti- eða skemmtistaði þar sem starfsfólk var hvatt til að taka þátt. Um 130 reyndu að svara listanum en aðeins 81 kom listanum útfylltum til baka. Í ljós kom að nokkuð mörg netföng voru röng þannig að listinn komst ekki á áætlunarstað. Má ætla að um 200 listar hafi í raun náð á áfangastað.

Við þetta bættist að ætlunin var að senda könnunina út um miðjan maí en vegna tæknilegra örðugleika tókst ekki að koma listunum út fyrr en um mánaðamótin maí – júní þegar bannið var einmitt að taka gildi eða hafði þegar tekið gildi. Svarendur eru

Því í sumum tilfellum að svara eftir að bannið var komið á. Tvisvar voru send ítrekunarbréf og loks var hringt til allmargra, sem höfðu fengið bréf, og þeir hvattir til að svara.

Efnt var til happdrættis meðal svarenda og var vinningurinn ferð fyrir tvo til einhvers áfangastaðar Iceland Express í Evrópu. Vinninginn hlaut Birna Mjöll Atladóttir, hótelskýra í Breiðavík við Látrabjarg.

Niðurstöður

Í þessum kafla er gerð grein fyrir svörum við einstökum spurningum í máli og myndum. Eins og áður er sagt var listinn þannig úr garði gerður að ekki var unnt að senda hann til baka nema öllum spurningunum væri svarað. Svarendur voru því í öllum tilfellum 81 nema þegar spurt var um reykingavenjur, þá er einungis greint frá svörum þeirra sem sögðust reykja. Ekki var algjört samræmi í svörum varðandi reykleysi því að þeir sem sögðust ekki reykja voru ýmist 59, 61 eða 62. Kynjahlutfall svarenda var afar jafnt því að 40 karlar og 41 kona svöruðu spurningalistanum.


Hér á eftir fara svör við spurningunum eins og þær voru lagðar fyrir í spurningalistanum. Yfirleitt eru niðurstöður birtar sem hlutfallstölur en fjöldataölur sýndar innan sviga þegar henta þykir.

1. spurning. Mega gestir reykja einhvers staðar innandyra á vinnustað þínum?




Mynd 1. Eins og sjá má á myndinni sagði 91% að ekki væri leyft að reykja á vinnustaðnum og mikill minnihluti svarenda bjó því við það að vinna í reykmettuðu rými. Fleiri karlar en konur unnu á stað þar sem reykingar voru leyfðar, 5 karlar en 2 konur, en munurinn var ekki marktækur enda um fáa einstaklinga að ræða.

2. spurning. Hve lengi hefur þú unnið á veitinga-, gisti- eða skemmtistöðum?




Mynd 2. Meirihlutinn eða tæplega 62 af hundraði hafði unnið lengur en 5 ár í þessari atvinnugrein. Ekki sást munur á körlum og konum.

3. spurning. Hve lengi hefur þú hugsað þér að vinna á veitinga-, gisti- eða skemmtistöðum?




Mynd 3. Meirihlutinn (58%) ætlar að hafa þetta að framtíðarstarfi. Flestir ætla að vinna við þetta að minnsta kosti í meira en eitt ár. Ekki sást munur á körlum og konum.

4. spurning. Hvað vinnurðu að jafnaði í margar klukkustundir á viku á þessum vinnustað?




Mynd 4. Eins og sjá má á myndinni vinnur meirihluti starfsfólks langan vinnudag eða yfir 40 klukkustundir á viku og 38% vinna meir en 60 klst. á viku. Enginn munur var á körlum og konum hvað þetta varðar.

5. spurning. Hvernig er vinnutíma þínum yfirleitt háttað?




5. mynd. Flestir vinna óreglulegan vinnutíma. Óreglulegur vinnutími fól í sér dag-, kvöld- og næturvinnu til skiptis. Þarna sást munur á körlum og konum, Kí-kvaðrat 0,008. 15% karla (6) unnu að jafnaði dagvinnu en 41,5% (17) kvenna, 85% (34) karla unnu á óreglulegum tímum en 58,5% (24) kvennanna.

6. spurning. Á hvernig stað vinnur þú?




Mynd 6. Hér gat fólk svarað á fleiri en einn veg og má því sjá að hlutfallstölurnar verða hærri en 100. Af þessu má ráða að fólk í þessari atvinnugrein er líklegt til að vinna víðar en á einum stað – en þó getur verið að sumir vinnustaðir séu blandaðir þ.e. bæði kaffihús og matsölustaður þannig að svarendur hafi ekki verið vissir um hvernig réttast væri að svara. Marktækt fleiri karlar en konur unnu á matsölustað 65% (26) karla en 41.5% (17) kvennanna. Fleiri karlar, 25% (10), en konur 9,8% (4) unnu á krá eða bar en munurinn var ekki tölfræðilega marktækur, kí-kvaðrat 0,070.

7. spurning. Er vinnustaðurinn hótél, gistiheimili eða annað?




Mynd 7. Á þessari mynd sést að flestir svarenda starfa á hótélum eða á annars konar veitinga-, gisti- eða skemmtistöðum. Þarna sást ekki marktækur munur á körlum og konum.

8. spurning. Hvað eru um það bil margir starfsmenn þar sem þú vinnur?




Mynd 8. Flestir vinna á stað þar sem 21 eða fleiri vinna en næstflestir vinna þar sem starfsmenn eru 6-10. Ekki sást munur á körlum og konum.

9. spurning. Hve margir standandi gestir mega vera í veitingarýminu þar sem þú vinnur?




9. mynd. Margir vita ekki hve margir standandi gestir mega vera í veitingarýminu þar sem þeir vinna en 37 af hundraði telja að standandi gestir eigi að vera innan við hundrað. Hér reyndist munur á konum og körlum þannig að 17,5% (7) karlanna en 2,4% (1) kvennanna unnu á stað þar sem fjöldi standandi gesta gat verið 100-149 en 12,5% (5) karla og 51,2% (21) kvenna sögðust ekki vita um leyfilegan fjölda standandi gesta.

10. spurning. Fjöldi sitjandi gesta sem mega vera í veitingarýminu þar sem þú vinnur?



10. mynd. Um 44% vinna á stöðum þar sem fjöldi sitjandi gesta má ekki fara yfir hundrað. Nokkur munur var á svörum karla og kvenna þannig að t.d. sögðu 20% (8) karla en 7,3% (3) kvenna að þau ynnu á stað þar sem færri en 50 gestir mættu sitja, 25% (10) karla en 36,6% (15) kvenna sögðust vinna á stað þar sem fjöldi sitjandi gesta mætti vera 100-149, engar konur en 7,4% (3) karla sögðust vinna á stað þar sem sitjandi gestir mættu vera 200-299 og mun fleiri konur 31,7% (13) en karlar 7,5% (3) sögðust ekki hafa svar við þessari spurningu.


11. spurning. Hvað heldur þú að hlutfallslega margir gestanna reyki?



11. mynd. Um helmingur telur að 10-29% gestanna reyki en rúmlega átta af hundraði vinna á stað þar sem meirihluti gestanna reykir. Í þessari spurningu var ekki munur á kynjunum þegar á heildina var litið.

12. spurning. Hvernig eru reykingavenjur þínar? Reykir þú daglega, stundum eða reykir þú ekki?


Hlutfall þeirra sem reykja - og þeirra sem ekki reykja



12. mynd. Á myndinni sést að mikill meirihluti svarenda reykir ekki en 23,5 af hundraði reykja daglega. Nokkurs ósamræmis gætti í svörum varðandi reykingar. Þessari spurningu var svarað þannig að 61 sagðist ekki reykja, 28 karlar og 33 konur. Ekki var marktækur munur á konum og körlum að því er reykingar varðar en þó reyktu fleiri karlar en konur. 11 karlar (26,8%) en 8 konur 8 (19,5%) sögðust reykja daglega, 1 karl (2,5%) sagðist reykja stundum.

13. spurning. Hvað reykir þú venjulega margar sígarettur á dag?


Reykingavenjur reykingafólksins?



Mynd 13. Þegar spurt var hvað reykingafólkið reykti mikið kom í ljós að mikill meirihluti reykti hálfan til heilan pakka á dag og gildi það bæði um karla og konur.

14. spurning. Hefur þú hugsað þér að hætta að reykja? Ef svo er, hvenær ætlarðu að hætta?


Áætlun um að hætta að reykja



14. mynd. Um fjórðungur þeirra sem reykja ætla sér að hætta innan eins mánaðar en rúmlega þriðjungur hefur ekki ákveðið sig í þessu efni. Enginn marktækur munur var á körlum og konum varðandi áætlanir um að hætta að reykja en 7 karlar ætluðu sér þó að hætta en aðeins 4 konur voru með slíkar áætlanir. Aðeins 1 karl og 1 kona ætluðu sér ekki að hætta að reykja, 4 karlar og 3 konur voru óákveðin í þessu efni.


15. spurning. Hvernig eru reykingavenjur þínar í vinnunni? Reykir þú alltaf í vinnunni, stundum eða aldrei?

Reykingavenjur í vinnunni




Mynd 15. Mikill meirihluti þeirra, sem reykja, reykja alltaf í vinnunni eða 82 af hundraði. Ekki var marktækur munur á reykingavenjum karla og kvenna í vinnunni. Þegar þessari spurningu var svarað sögðust 59 ekki reykja í stað 61 áður.

16. spurning. Hve margar sígarettur reykir þú venjulega í vinnunni?




16. mynd. Meirihluti reykingafólksins segist reykja minna en hálfan pakka á dag í vinnunni, rúm 36% segjast reykja hálfan til heilan pakka en engir segjast reykja meir en 1 pakka á dag. Þegar þessari spurningu var svarað sögðust 62 ekki reykja í stað 59 í næstu spurningu á undan og 61 áður. Ekki var marktækur munur á svörum karla og kvenna enda tölurnar afar lágar en 8 karlar sögðust reykja minna en ½ pakka á dag í vinnunni, 3 sögðust reykja 10-20 sígarettur á dag, 4 konur sögðust reykja minna en ½ pakka á dag og sami fjöldi kvenna sagðist reykja 10-20 sígarettur daglega.

17. spurning. Hve lengi ert þú í vinnurými þar sem aðrir reykja?




17. mynd. Um sautján af hundraði vinna talsvert lengi í reykrymi en mikill meirihluti svarenda vinnur aldrei í reykrymi. Ekki var marktækur munur á svörum kvenna og karla þegar á heildina var litið en 12 karlar sögðust vinna lengi eða talsvert lengi þar sem reykingar væru leyfðar en aðeins 4 konur unnu við slíkar aðstæður. 52,5% (21) karlanna en 75,6% (31) kvennanna sögðust aldrei þurfa að vinna í reykrymi.

18. spurning. Hve lengi ert þú þar sem aðrir reykja, heima eða annars staðar í frítímanum?




18. mynd. Langflestir segjast stutt eða aldrei dveljast þar sem aðrir reykja, hvort heldur er heima eða annars staðar í frítímanum en 7 karlar og 4 konur sögðust dveljast lengi eða talsvert lengi í frítímanum í rými þar sem aðrir reykja.

19. spurning. Hve oft á síðustu 2 mánuðum hefur þú fundið fyrir eftirtöldum einkennum eða óþægindum?




Mynd 19. Preyta er algengasta einkennið sem fólk finnur fyrir um það bil á hverjum degi eða oftar en einu sinni í viku. Ýmis einkenni gera vart við sig sjaldnar en einu sinni í viku en margir finna aldrei fyrir þeim einkennum sem talin eru upp á myndinni. Enginn marktækur munur sást hjá körlum og konum.

Spurning 20. Hve oft á síðustu 2 mánuðum hefur þú fundið fyrir eftirtöldum einkennum eða óþægindum?




20. mynd. Flestir finna aldrei fyrir þeim einkennum sem spurt er um en þó hefur nokkur hópur fólks fundið fyrir einkennunum sjaldnar en einu sinni í viku og þá einkum hósta eða slími þegar fólk hóstar eða ræskir sig. Marktækur munur var á körlum og konum, þegar á heildina var litið, varðandi það einkenni að finna fyrir hósta eða ræmu að morgni. 11 karlar og 7 konur fundu fyrir þessum óþægindum einu sinni í viku eða oftar, 29 karlar en 34 konur fundu sjaldan eða aldrei fyrir þessum einkennum.

21. spurning. Hefur þú fengið kvef eða inflúensu síðustu tvo mánuði?



21. mynd. Þegar spurt var hvort svarendur hefði fengið kvef eða influensu síðustu tvo mánuði hafði meir en þriðjungur fengið það. Ekki var munur á körlum og konum að því er þetta varðar.


22. spurning. Hefur eitthvað af eftirtöldu valdið þér óþægindum á vinnustaðnum á síðustu 2 mánuðum?



22. mynd. Um tíu af hundraði finna oft fyrir þeim einkennum sem spurt var um en um sextíu af hundraði hafa sjaldan eða aldrei yfir slíku að kvarta. Ekki var marktækur munur á körlum og konum nema að því er varðaði tóbaksreyk frá öðrum. 14 karlar en 8 konur höfðu fundið fyrir óþægindum vegna þessa oft eða stundum á síðustu 2 mánuðum.


23. spurning. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

Starfsánægja




Mynd 23. Svo virðist sem langflestir séu bæði ánægðir á vinnustaðnum og hafi ánægju af starfi sínu. Um 29 af hundraði finnst starfið þó erfitt eða mjög erfitt og 16 af hundraði (11% eru sammála og 5% alveg sammála) finnst að vinnudeginum ætli aldrei að ljúka. Ekki var munur á körlum og konum.

Spurning 24. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?




24. mynd. Á myndinni sést að langflestir eru hlynntir reykingabanninu og telja ekki að nein vandkvæði verði að fylgja því eftir. Þegar þessi mynd er skoðuð ber að hafa í huga að langflestir svarenda reykja ekki sjálfir. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á svörum karla og kvenna við þessum spurningum. Helst mátti merkja mun á svörunum þegar spurt var hvort viðkomandi væri hlynntur reykingabanninu. 6 karlar en 4 konur voru algerlega ósammála banninu, 29 karlar en 35 konur voru algerlega hlynnt því, karlar voru því að jafnaði fremur ósammála banninu en konur. 5 karlar og 2 konur tóku ekki afstöðu (kí-kvaðrat 0,058).

25. spurning. Að minnsta kosti helmingur af borðum og sætum á veitingastöðum á núna að vera reyklaus. Hversu vel er þessu fylgt eftir á vinnustað þínum?




Mynd 25. Mikill meirihluti telur að gildandi lögum og reglum varðandi reykingar sé vel fylgt eftir á vinnustaðnum.

26. spurning. Hér á eftir koma nokkrar fleiri spurningar um það hvernig núverandi lögum og reglum um reykingar er fylgt.




26. mynd. Á myndinni sést að talsverður hluti starfsfólks hefur einstaka sinnum lent í erfiðleikum með að framfylgja reglum um reykingar vegna gesta sem eru ósáttir við reglurnar en flestir aldrei. Marktækur munur sást á svörum karla og kvenna við spurningunni: Hve oft er reykt á reyklausum svæðum á vinnustað þínum? Karlar höfðu fremur en konur orðið varir við slíkt.

27. spurning. Er einhver áætlan á vinnustað þínum um lausnir fyrir þá sem vilja reykja eftir að bannið tekur gildi?




27. mynd. Eins og sjá má á myndinni eru hér um bil jafn margir sem telja að einhverjar lausnir verði fyrir reyklingafólk eftir að bannið tekur gildi en um 17 af hundraði vita ekki hvort svo sé. Enginn marktækur munur var á svörum karla og kvenna við þessari spurningu.

28. spurning. Hvaða lausnir hafa verið skoðaðar á vinnustað þínum fyrir þá sem vilja reykja eftir að bannið tekur gildi?




28. mynd. Tjaldskyggni og hitalampar virðast vinsælustu lausnirnar en ýmsir aðrir möguleikar eru í skoðun þar eð 43 af hundraði segja að aðrar lausnir séu fyrirhugaðar. Engir virðast ætla að bjóða gestum upp á að reykja í rútum enda óleyfilegt hérlendis.

29. spurning. Hvort ertu karl eða kona?




29. mynd. 40 karlar og 41 kona svöruðu spurningalistanum þannig að kynjahlutfallið er mjög jafnt.

30. spurning. Hvað ertu gamall/gömull?




Eins og sjá má á myndinni eru flestir á aldrinum 40-49 ára en fáir undir 18 ára eða 60 ára og eldri. Allur fjöldinn er á aldrinum 18-59 ára. Þegar á heildina var litið var ekki munur á milli og karla og kvenna en 3 karlar og 10 konur voru á aldrinum yngri en 18-24 ára og 8 karlar en 2 konur voru á aldrinum 50-59 ára.

31. spurning. Hver er hæsta prófgráða þín?



31. mynd. Flestir voru með stúdentspróf eða iðnnám, næstflestir með háskólapróf en tæplega fimm af hundraði höfðu grunnskólapróf. Þegar litið er nánar á fjöldatölurnar sést að flestir karlanna voru með stúdentspróf eða iðnnám (21), 12 með háskólapróf, 5 með grunnskólapróf en 2 með annað nám. Flestar konurnar voru annað hvort með stúdentspróf eða iðnnám (14), háskólapróf (14), 10 með grunnskólapróf en 3 með annað nám.


32. spurning. Hefur þú lokið prófi sem: framleiðslumaður, matreiðslumaður, veitingamaður, hótelsjóri, ekkert af ofantöldu?



32. mynd. Af þeim, sem hafa lokið einhverju því námi sem spurt er um, höfðu flestir lokið námi sem matreiðslumenn eða hótelsjórar, tæplega 9 af hundraði höfðu lokið námi í framreiðslu en langstærsti hópurinn hafði eitthvað annað nám að baki.

Munur var á fagmenntun karla og kvenna eins og sést á 33. mynd.

Fagmenntun svarenda



33. mynd. Fleiri karlar en konur höfðu lokið prófi í matreiðslu og hótelstjórn en konur höfðu á hinn bóginn í meira mæli einhvern annan bakgrunn. Munurinn var tölfræðilega marktækur.

Lokaorð

Það sem helst vekur athygli við skoðun niðurstaðna er að hærri hluti karla meðal svarenda reyktu daglega en karlar almennt ef borið er saman við upplýsingar frá IMG-Gallup frá 2005. Ámóta stór hluti kvennanna reykti og mælt hefur meðal íslenskra kvenna. Flestir svarenda unnu á stöðum þar sem reykingar voru ekki leyfðar og flestir voru hlyntir reykingabanninu. 26,8% karlkyns svarenda reyktu daglega en 19,3% karla almennt reyktu daglega árið 2005. 1 karl í svarendahópnum sagðist reykja stundum og ef hann er talinn með er hlutfall reykjandi karla meðal svarenda 30%. 19,5% kvennanna sögðust reykja daglega og er það svipað og almennt meðal kvenþjóðarinnar árið 2005 en þá reyktu 19,2% kvenna almennt.

Vegna þess hve hópurinn er lítill er ekki hægt að draga neinar víðtækar ályktanir af svörum. Eins og fyrr segir var þannig um hnútana búið að aðeins var unnt að senda svörin til baka ef öllum spurningum var svarað. Þetta er afar óvenjulegt þegar um spurningakannanir er að ræða og flokkast undir tæknileg mistök. Vitað er að 130 reyndu að svara en aðeins 81 tókst að svara útfylltum lista.

Þetta býður heim ýmiss konar skekkjum svo sem því að aðeins þeir svara sem vilja svara öllum spurningunum. Við vitum ekki hvaða afleiðingar það hefur fyrir útkomuna.

Athyglisvert er hve óvída reykingar voru leyfðar á vinnustöðum svarenda. Aðeins 7 (8,6%) unnu á stað þar sem leyft var að reykja innandyra, 5 karlar og 2 konur. Svarendur eru því að langmestum hluta fólk sem ekki vinnur í reykmettuðu umhverfi og varð því naumast vart við breytinguna þegar bannið gekk í gildi. Þetta vekur líka spurningar um hverjir það voru sem vildu helst svara öllum spurningalistanum. Getum má leiða að því að það hafi fyrst og fremst verið þeir sem voru hlyntir

reykingabanninu. Einnig ber að hafa í huga að ýmsir hafa verið að svara eftir að reykningabannið gekk í gildi og því ekki lengur reykt á staðnum. Við vitum ekki hve stór hópur þetta var.

Tölvupóstur var sendur á staði en ekki einstaklinga. Vel má vera að þetta hafi leitt til þess að eigendur svöruðu fremur en aðrir.

Móttakendur tölvupóstsins voru beðnir að hvetja starfsfólk til að svara en ekki er vitað hvernig var staðið að því eða hvort það var nokkurs staðar gert. Þegar tölvupóstfangið er staðarins en ekki einstaklingsins má leiða líkum að því að tregða hafi verið varðandi það að hvetja starfsmenn til að svara.

Ennfremur var fólk hvatt til að gefa upp eigið netfang, ef það vildi taka þátt í happdrættinu, og kann það ennfremur að hafa valdið því að færri tóku þátt en ella.

Þrátt fyrir alla þessa annmarka eru niðurstöður fróðlegar og gefa ýmsar vísbendingar um álit starfsfólks og stjórnenda á gisti-, veitinga- og skemmtistöðum á reykningabanninu sem gekk í gildi 1. júní 2007.

Þakkir

Öllum þátttakendum eru færðar þakkir fyrir framlag þeirra. Samtök ferðaþjónustunnar létu okkur góðfúslega í té lista með netföngum gisti-, veitinga- og skemmtistaða. Anna Sigríður Jónsdóttir iðjuþjálfari á þakkir skildar fyrir að hafa þýtt spurningalistann og undirbúið könnunina í samstarfi við höfunda. Hún tók líka þátt í að hringja á staðina og hvetja fólk til að svara.

Heimildir

1. Reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum:

<http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/is/log%5Fog%5Freglur/adrar%5Freglur%5Fog%5Freglug/>

2. IMG Gallup. Lýðheilsustöð – Umfang reykinga – Samantekt 2005 Febrúar – október 2005 (<http://www.lydheilsustod.is/lydheilsustod/tobaksvarnir>)